

Mannauðsstefna

Ráðningar og starfskjör

Skipulagsstofnun býður upp á samkeppnishæf starfskjör, sveigjanlegan vinnutíma og fjarvinnu. Unnið er eftir faglegu ráðningarferli. Við tökum vel á móti nýju starfsfólki.

Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafnrétti og vinnum samkvæmt jafnréttisáætlun. Við komum fram af virðingu við hvert annað. Einelti, ofbeldi eða kynferðisleg og kynbundin áreitni er ekki liðin.

Heilsa og starfsumhverfi

Skipulagsstofnun hvetur til heilsueflingar með svigrúmi til íþróttaiðkunar í hádeginu tvisvar í viku og með því að bjóða starfsfólki upp á íþrótt- og samgöngustyrki. Starfsfólk er hvatt til að nota virka ferðamáta.

Samskipti og starfsánægja

Við leggjum áherslu á góðan starfsanda og gagnkvæma virðingu í samskiptum. Starfsmannasamtöl fara fram tvisvar á ári og starfsánægja er mæld reglulega með könnunum.

Starfsþróun og símenntun

Starfsfólk fær svigrúm og hvatningu til símenntunar og starfsþróunar.

Starfslok

Lögð er áhersla á sveigjanleika við starfslok.

Siðareglur

Starfsfólk Skipulagsstofnunar starfar eftir [almennum siðareglum starfsmanna ríkisins](#). Siðareglunum er ætlað að efla fagleg vinnubrögð og auka traust á stjórnsýslunni auk þess að endurspegla tiltekin grunngildi í störfum hjá ríkinu eins og heilindi, óhlutdrægni og skilvirkni. Hver starfsmaður skal kynna sér siðareglurnar og gæta þess að fara eftir þeim.

Samþykkt í október 2021